



Borgarnesi 17. Febrúar 2011

Nefndasvið Alþingis  
Bt/ Iðnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### **Umsögn um framvarp til laga um Framkvæmdasjóð Ferðamanna .**

Ferðamálasamtök Íslands fagna hugmyndinni um Framkvæmdasjóðinn og telja löngu tímabært að taka myndarlega á málum varðandi helstu ferðamannastaði , bæði hvað varðar uppbyggingu og verndun.

Athugasemdir samtakanna varðandi einstakar greinar frum varpsins eru þessar.

#### **1. gr**

Fjármagninu er greinilegar stefnt að mestu leyti til uppbyggingar á ferðamannastöðum í eigu hins opinbera eða umsjón þeirra. Það er ekki hvatning til að fjölga viðkomustöðum ferðamanna , að útiloka einkaaðila frá styrkveitingum til uppbyggingar. Vissulega eru náttúrutengdir viðkomustaðir margir í eigu eða umsjón ríkisins en staðir eins og Jarðböðin við Mývatn hafa án efa hlíft viðkvæmri náttúru við átroðningi.

Með því að veita fjármagninu svo til eingöngu til hins opinbera er lítil von til að hægt sé að fjölga viðkomustöðum t.d. sem byggja á afþreyingu og sem geta orðið sjálfbærir þegar fram í sækir, á allt annan hátt en náttúruperlur. Með þessu móti eru undirbúningur að uppbyggingu s.k. Geoparks,( Jarðsögugarða) varla styrkhæf.

“ Framlög til einkaaðila eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem eru ávallt opnir almenningi án endurgjalds“

Ferðamálasamtökin telja að þetta skilyrði eigi alveg eins við um staði í opinberri eigu og eigi ekki að stand óbreytt

#### **2. grein Skipun stjórnar**

Ferðamálasamtök Íslands byggja á landshlutasamstarfi grasrótar í ferðþjónustu og margir félagar innan þeirra starfa eða sinna þjónustu nærri þeim svæðum sem sjóðurinn mun veita fé til. Með fullri virðingu fyrir hinum ágætu samtökum atvinnurekenda í ferðþjónustu, SAF , þykir okkur ekki rétt að þau einoki aðkomu greinarinnar að þessum sjóði,

Einnig mætti hugsa sér að bæta við fimmta fulltrúanum , sem tilnefndur væri af Félagi Leiðsögumanna því þar er sá hópur sem mest og best þekkir hvernig er að fara með ferðamenn um hina ýmsu staði.

### **Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram**

Lagt er til að farþegagjald og gistináttagjald renni í ríkissjóð. Sú upphæð sem ráðstafað verður af fjárlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða mun þó endurspegla 3/5 af innheimtu farþegagjaldi og gistináttagjaldi.

**Ferðamálasamtökin leggja ríka áherslu á að allar tekjur sem koma af farþega eða gistinóttagjaldi renni óskertar í sjóðinn, enda hefur þessi þáttur unhverfisverndar verið svo stórlega vanræktur áratungum saman að ekki mun af veita.**

Má ninna á að Alþingi hefur veitt 1100 milljónir í gæðastýringu í sauðfé , sem meðal annars gengur út að gæta þess að rollur nagi ekki landið um of. Þær eru nú innan við 500 þúsund en

voru nærri milljon þegar mest var . Það er minni hætt á að þær nagi landið til óþurftar en sú ánuð sem umgengni milljon ferðamenna getur valdið.

Að teknu tilliti til þessar ábendinga hvetja Ferðamálasamtök Íslands alþingsmenn að samþykkja þetta frumvarp og koma því í framkvæmd hið fyrsta

F.h. Ferðamálasamtaka Íslands

Unnur Halldórsdóttir  
Formaður